

380. – Stjórnarfundur LEB 29. febrúar 2024

Kl. 10.00 – fjarfundur

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir og Magnús Jóhannes Magnússon.

Forföll: Jónas Sigurðsson

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar, 22. febrúar, borin upp til samþykktar

Samþykkt

2. Uppstillingarnefnd og kosning í stjórn og varastjórn á Landsfundi LEB 2024

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu að skipan uppstillingarnefndar:

Ingibjörg Sverrisdóttir, Reykjavík, formaður

Ragnheiður Hjálmarsdóttir, Akranesi

Hallgrímur Gíslason, Akureyri

Finnbogi Rútur Valdimarsson, Vopnafirði

Jón Ragnar, Hellu

Ingibjörg baðst undan að vera formaður nefndarinnar.

Tillagan samþykkt ásamt beiðni Ingibjargar. Formanni falið að skipa formann úr hópi nefndarmanna.

Þorbjörn vakti máls á atburðum á aðalfundi FEB í Reykjavík fyrir viku þar sem flokksmenn Sjálfstæðisflokksins unnu gagnert að því að ná kosningu þeirra sem þeim þóttu æskilegir í öll stjórnar- og varastjórnarsæti sem kosið var um á fundinum, ásamt sæti formanns félagsins sem einnig var kosið um. Höfðu þeir listað upp þá sem þeir vildu að kosnir yrðu. Það gekk eftir og allur listi þeirra hlaut kosningu. Þorbjörn lýsti yfir miklum áhyggjum af svona flokkspólitískum ígripum og væri það gagnstætt megin markmiðum hreyfingar eldra fólks á landinu og beinlínis í andstöðu við markmið og lög LEB að stjórnmalaflokkar tækju yfir einstök félög eða landssambandið. Þessu þyrfti að vinna gegn af öllum mætti svo hreyfingin væri laus undan flokkspólitískum ítökum í áhrifastöðum. Þetta yrði að hafa í huga þegar leitað verður eftir framboðum til trúnaðarstarfa á landsfundum.

Stjórnarmenn tóku undir orð Þobjarnar.

Samþykkt að senda nýrri uppstillingarnefnd þessa bókun.

Á landsfundi á að kjósa tvo í aðalstjórn til tveggja ára og alla þrjá í varastjórn til eins árs.



LEB

Landssamband eldri borgara

Úr aðalstjórn ganga:

Ingibjörg H. Sverrisdóttir sem hefur setið tvö tveggja ára kjörtímabil og getur ekki gefið kost á sér aftur.

Sigrún C. Halldórsdóttir sem hefur setið eitt tveggja ára kjörtímabil. Hún gefur kost á sér í annað tveggja ára tímabil.

Úr varastjórn ganga:

Ásgerður Pálsdóttir sem gefur kost á sér áfram í eitt ár.

Jónas Sigurðsson sem gefur ekki kost á sér áfram.

Magnús Jóhannes Magnússon sem gefur kost á sér áfram í eitt ár.

3. Dagskrá Landsfundar LEB 2024

a) Netsvik

Formaður ræddi ráðstefnu Öldrunarráðs Íslands sem haldin var deginum áður en umsjöllumarefni hennar voru netsvik af ýmsu tagi. Þeim hefur fjölgað ískyggilega. Þau eru orðin þróaðri og erfiðara að verjast þeim og er eldra fólk einkum útsett fyrir þeim svikum.

Lagði hann til að það yrði dagskrárefni landsfundar í formi stuttra fyrirlestra, t.d. einhverra þeirra sem fluttir voru á ráðstefnu ÖÍ.

b) Eru málefni eldra fólks ekki frétt?

Þorbjörn ræddi áhugaleysi fjölmiðla á málefnum eldra fólks og mýmörg dæmi þess á liðnum misserum, sbr. Áhugaleysi þeirra á málþingi LEB síðasta haust, *Við bíðum... EKKI LENGUR!*

Lagði Þorbjörn til að það yrði efnt til pallborðs um þau mál með þátttöku valinkunnugs fjölmiðlafólks.

4. Starfsmannamál

Helgi formaður og Drífa varaformaður hafa unnið úr umsóknum um starf skrifstofu- og markaðsstjóra LEB sem endaði með viðtölum við 6 umsækjendur og bakgrunnskönnun á þeim.

Þau leggja til að Oddný Árnadóttir verði ráðin í 80% starf.

Tillaga þeirra samþykkt og þeim falið að ganga frá ráðningu Oddnýjar.

5. Umsókn FEBHV að LEB

Félag eldri borgara í Hvalfjarðarsveit – FEBHV hefur gert breytingu á 3.gr. félagslaga sinna svo þau uppfylli skilyrði um aðild að LEB.

Í ljósi þessa samþykkir stjórn LEB aðild þeirra og mun leggja fyrir landsfund í maí til samþykktar.

6. Önnur mál

Magnús, sem er formaður félagsins á Selfossi, segir frá fyrirhuguðum fundi næsta dag, 1. mars, í félagsmiðstöð FEBSEL að Grænumörk 5.

Á fundinn hafa verið boðaðir ráðherrar og þingmenn, ásamt formönnum aðildarfélaga LEB á Suðurlandi. Þá munu Helgi formaður LEB og Þorbjörn formaður kjaranefndar LEB einnig sækja fundinn, sem formlega hefst kl. 14.30.


Áður munu fulltrúar LEB og aðildarfélaga bera saman bækur sínar og hefst sá fundur tveimur tímum fyrr.

Gerðu stjórnarmenn góðan róm að þessu framtaki.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 10.56.

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson.

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundi 3. apríl 2024



Helgi Pétursson formaður LEB